

**Nd.**

## **8. Frumvarp til laga**

[8. mál]

um námsgagnastofnun.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

### **I. KAFLI**

#### **Hlutverk og skipulag.**

##### **1. gr.**

Námsgagnastofnunin vinnur að því, að íslenskir skólar hafi sem best og fullkomnust náms- og kennslugögn, þar á meðal prentað mál, hljóð- og myndritað efni, tæki og hluti.

Undir stofnunina heyra þær deildir, sem taldar eru í 5. gr., svo og önnur verk efni, sem tilgreind eru í lögum þessum.

Námsgagnastofnun heyrir undir Menntamálaráðuneytið.

##### **2. gr.**

Námsgagnastofnunin annast framleiðslu, útgáfu og miðlun hvers konar námsefnis og kennslutækja. Stofnunin fylgist með nýjungum á því sviði og heldur uppi fræðslu og upplýsingastarfsemi, er það varðar, sbr. 7. gr.

Stofnunin skal hafa náð samstarf við þá aðila, sem vinna að endurskoðun námsefnis og nýjungum í kennslustarfi á vegum Menntamálaráðuneytisins, svo og við fræðsluskrifstofur sveitarfélaga og stofnanir, er veita kennaramenntun.

##### **3. gr.**

Menntamálaráðherra skipar til þriggja ára í senn sjö manna Námsgagnastjórn og jafnmarga til vara:

- a) tvo tilnefnda af Sambandi íslenskra barnakennara,
- b) einn tilnefndan af Landssambandi framhaldsskólakennara,
- c) einn tilnefndan af Félagi háskólamenntaðra kennara,
- d) einn tilnefndan af Kennaraháskóla Íslands,
- e) einn fulltrúa fyrir Menntamálaráðuneytið,
- f) einn fulltrúa án tilnefningar.

Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna og ákveður laun stjórnarinnar.

##### **4. gr.**

Námsgagnastjórn hefur yfirstjórn á starfsemi og fjárreiðum stofnunarinnar, staðfestir fjárhagsáætlanir, tekur ákvarðanir um meiri háttar framkvæmdir og um meginrátti í verkefnum deilda. Hún ræður starfslið stofnunarinnar að fengnum tillögum námsgagnastjóra, sbr. þó 5 gr.

Stjórnin löggildir námsbækur, svo sem fyrir er mælt í VII. kafla þessara laga.

##### **5. gr.**

Undir Námsgagnastofnun heyra þessar deildir:

- a) Ríkisútgáfa námsbóka, er annast útgáfu náms- og kennslubóka, sbr. II. kafla laganna.
- b) Fræðslumyndasafn ríkisins, er annast útgáfu, söfnun og útlán nýsiefnis og aflar sér nýsitækja, sbr. III. kafla laganna.
- c) Námsgagnagerð, er annast framleiðslu náms- og kennsluefnis, sbr. IV. kafla laganna.
- d) Skólavöruhús, er annast úthlutun, sölu, geymslu, innkaup og innflutning hvers konar náms- og kennslugagna, sbr. V. kafla laganna.

Yfir hverri þessara deilda skal vera forstöðumaður, skipaður af ráðherra að fengnum tillögum Námsgagnastjórnar. Forstöðumenn skulu að jafnaði sitja fundi Námsgagnastjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

Ofangreindar deildir skulu halda sjálfstæðum heitum og koma fram út á við undir þeim samkvæmt nánari ákvörðun Námsgagnastjórnar.

#### 6. gr.

Menntamálaráðherra skipar námsgagnastjóra að fengnum tillögum Námsgagnastjórnar. Hann á sæti á fundum stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti og sér um framkvæmd á ákvörðunum hennar.

Námsgagnastjóri annast daglega stjórn og fjárráð stofnunarinnar og samhæfir störf hinna ýmsu deilda.

#### 7. gr.

Námsgagnastofnun annast kynningar- og fræðslustarfsemi fyrir skóla um námsgögn og kennslutækni. Í þessu skyni hefur stofnunin samstarf við þá aðila, sem taldir eru í 2. gr., og stuðlar að því, að í fræðsluskrifstofum sveitarfélaga myndist söfn náms- og kennslugagna til kynningar og útlána. Til þessa skal stofnunin leggja fræðsluskrifstofum til efni, eftir því sem fjárhagur leyfir.

Námsgagnastofnun stuðlar að vexti og greiðir fyrir stofnun skólabókasafna.

## II. KAFLI

### Ríkisútgáfa námsbóka.

#### 8. gr.

Ríkisútgáfa námsbóka annast úgáfu námsbóka handa nemendum í grunnskóla. Skulu þeir nemendur fá ókeypis námsbækur samkvæmt ákvörðun Námsgagnastjórnar, og verða þær ýmist eign nemenda eða skólans. Að því skal stefnt, að tvenns konar námsbækur hið fæsta verði gefnar út í hverri grein.

Ríkisútgáfan gefur út handbækur og kennsluleiðbeiningar handa kennurum.

Ennfremur gefur Ríkisútgáfan út ýtarbækur, sem komið geta að notum við kennslu og skólastarf, þótt ekki teljist þær til námsbóka. Sama gildir um námsbækur handa nemendum í öðrum skólum en grunnskólum.

Heimilt er Ríkisútgáfunni að hafa þær bækur, sem hún gefur út, til sölu á frjálsum markaði samkvæmt nánari ákvörðun Námsgagnastjórnar.

#### 9. gr.

Á þeim tíma árs, er Námsgagnastjórn ákveður, skulu fræðsluráð (skólanefndir) sjá um, að Ríkisútgáfunni berist greinargerð um þær bækur, sem þörf er á til kennslu næsta skólaár. Greinargerðinni skal fylgja skýrsla um fjölda skólaskyldra barna og unglinga í fræðsluumdæminu (skólahverfinu) ásamt skilagrein fyrir síðastliðið ár. Ríkisútgáfan hlutast síðan til um, að bókakostur miðaður við nemendafjölda sé sendur til rétttra aðila. Nemendur fá bækurnar til afnota samkvæmt reglum, sem Námsgagnastjórn setur.

## III. KAFLI

### Fræðslumyndasafn ríkisins.

#### 10. gr.

Fræðslumyndasafn ríkisins vinnur að hagkvæmri notkun nýsitækni (hljóð- og myndritaðra námsgagna) í skólum landsins og á öðrum fræðsluvettvangi. Verkefni safnsins eru:

- a) **Upplýsingastarf.** Það safnar fróðleik um hvaðeina varðandi nýsitækni, þróun hennar innan lands og utan, og miðlar í prentuðu máli, á námskeiðum og á annan hátt.
- b) **Útlán.** Safnið festir kaup á innlendum og erlendum kvikmyndum og öðru nýsiefni í þágu fræðslumála og annarra menningarmála til að lána skólum og öðrum aðilum.
- c) **Tæknistarf.** Safnið aflar hvers konar nýsitækja og lætur reyna við íslenskar aðstæður, lánar þau og veitir leiðbeiningar um þau.
- d) **Útgáfa.** Safnið gefur út íslenskt nýsiefni og erlent í íslenskri aðlögun. Það lætur gera kvikmyndir eða er aðili að gerð þeirra, svo og setja íslenskt tal eða texta við erlendar myndir.

#### 11. gr.

Fræðslumyndasafn ríkisins leitast við að efla íslenska fræðslumyndagerð á hvern hátt, sem því er unnt, svo og að safna gömlum, íslenskum kvikmyndum og varðveita þær.

### IV. KAFLI

#### Námsgagnagerð.

#### 12. gr.

Námsgagnagerð framleiðir náms- og kennslugögn miðað við íslenskar þarfir og aðstæður. Um fjármögnun starfseminnar, þ. á m. stofnkostnað og sölu efnis og tækja, fer eftir ákvæðum þessara laga og laga um skólakostnað.

Í tengslum við Námsgagnagerð skal starfrækt tilraunastofa, þar sem tilraunastarfsemi og rannsóknir á þessu sviði fara fram. Heimilt er Námsgagnastjórn að veita öðrum aðilum starfsaðstöðu í tilraunastofunni.

### V. KAFLI

#### Skólavöruhús.

#### 13. gr.

Skólavöruhús annast innkaup, innflutning, úthlutun, dreifingu, afgreiðslu og sölu náms- og kennslugagna fyrir grunnskóla svo og önnur skólastig samkvæmt nánari ákvörðun Námsgagnastjórnar. Ennfremur annast það birgðavörslu fyrir Námsgagnastofnun.

### VI. KAFLI

#### Fjármál.

#### 14. gr.

Kostnaður við rekstur Námsgagnastofnunar greiðist úr ríkissjóði.

Tekjum stofnunarinnar má eingöngu verja í þágu þeirra verkefna, sem lög þessi mæla fyrir um.

Námsgagnastjórn gerir fyrir ár hvert áætlun um útgáfu námsbóka, sem þörf er samkvæmt 8. gr., og veitir Alþingi á fjárlögum nauðsynlegt fé til útgáfunnar. Þá skal á fjárlögum veita fé til kaupa á kvikmyndum og öðru nýsiefni, svo og til nauðsynlegra tækja, sbr. 10. gr., c-lið.

Alþingi veitir nauðsynlegt stofnfé til að þeirri starfsemi, sem lög þessi gera ráð fyrir, verði haldið uppi.

## VII. KAFLI

### Löggilding.

#### 15. gr.

Námsgagnastjórn annast um löggildingu námsbóka á skyldunámsstigi innan ramma aðalnámsskrár, sem Menntamálaráðuneytið setur. Heimilt er ráðuneytinu að fela stjórninni einnig löggildingu námsbóka fyrir framhaldsskólastig.

Útgefendum námsbóka er heimilt að leita löggildingar fyrir þær.

Rísi ágreiningur um löggildingu námsbókar má vísa honum til nefndar þriggja sérfróðra aðila, sem menntamálaráðherra skipar, og skal úrskurður hennar vera endanlegur.

Um ýtarefni, handbækur, kennsluleiðbeiningar, nýsiefni og kennslutæki lætur Námsgagnastjórn skólum í té umsagnir, eftir því sem tók eru á, og er þetta þáttur í fræðslustarfsemi stofnunarinnar.

## VIII. KAFLI

### Önnur ákvæði.

#### 16. gr.

Námsgagnastjórn kveður kennara og aðra sérfræðinga sér til aðstoðar við þau störf, sem fjallað er um í 15. gr., samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Einnig er stjórninni heimilt að kalla slíka aðila til ráðuneytis um önnur verkefni stofnunarinnar.

#### 17. gr.

Sem fyrst eftir að lög þessi taka gildi skal starfsemi Námsgagnastofnunar tengjast í sameiginlegu húsnæði. Skal að því stefnt, að húsnæðið verði sem næst Kennaraháskóla Íslands.

#### 18. gr.

Menntamálaráðherra setur reglugerðir um framkvæmd laga þessara.

Heimilt er Námsgagnastjórn að gera breytingar á starfsháttum Námsgagnastofnunar, er miði að aukinni samhæfingu starfa og bættri þjónustu. Þó skal samþykki menntamálaráðherra tilskilið, ef um stofnun nýrra deilda er að ræða.

Verði við framkvæmd þessara laga breyting á starfi eða starfsheiti starfsmanns hjá Ríkisútgáfu námsbóka, Skólavörubúð eða Fræðslumyndasafni ríkisins, skal sú breyting í engu rýra launakjör hans.

#### 19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 51/1956 um Ríkisútgáfu námsbóka, lög nr. 54/1961 um Fræðslumyndasafn ríkisins og 21. gr. laga nr. 49/1967 um skólakostnað, svo og önnur ákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samhljóða frv. var lagt fyrir 94. og 96. löggjafarþing, en varð eigi útrætt. Fylgdi því svofelld greinargerð:

„Nefnd sú, sem skipuð var sumarið 1972 til þess að endurskoða lög um Ríkisútgáfu námsbóka og Fræðslumyndasafn, lauk störfum í febrúarmánuði 1974. Hún hefur samið frumvarp þetta, sem lagt er fram óbreytt. Fylgdi því svofelld greinargerð:

### „1. Um skipan og störf nefndarinnar.

Hinn 27. júlí 1972 skipaði Magnús Torfi Ólafsson menntamálaráðherra nefnd til þess að endurskoða lög um Ríkisútgáfu námsbóka (nr. 51/1956) og lög um Fræðslumyndasafn ríkisins (nr. 54/1961). Í erindisbréfi nefndarinnar er verkefni hennar afmarkað nánar sem hér segir: „Við endurskoðunina ber að hafa í huga, hvort ráðlegt þætti að sameina þessar stofnanir eða tryggja sem hagkvæmast samstarf þeirra í milli og Skólarannsóknadeildar. Ber að stefna að því, að stofnanir þessar verði sem færastar um að veita skólum landsins sem fullkomnasta þjónustu og sjá fyrir kennslugögnum í samræmi við gildandi námsskrá og endurskoðun námsefnis á hverjum tíma.“

Í nefndina voru skipaðir þeir Andri Ísaksson prófessor, formaður, Benedikt Gröndal, forstöðumaður Fræðslumyndasafns ríkisins, Guðbjartur Gunnarsson kennari, Ingi Kristinsson skólastjóri, tilnefndur af Fjármálaráðuneytinu, og Jón Emil Guðjónsson, framkvæmdastjóri Ríkisútgáfu námsbóka. Tveir þessara manna, þeir Guðbjartur og Jón Emil, gátu ekki starfað í nefndinni. Voru ástæður þær, að Guðbjartur hafði flust búferlum til Kanada, þegar nefndin hóf störf, og gat því engan þátt tekið í störfum nefndarinnar, en ritaði henni hins vegar greinargerð um ýmsar grundvallarhugmyndir sínar um málið. Jón Emil var hins vegar í leyfi frá störfum mestallan þann tíma, sem nefndin vann að erindi sínu, þ. e. síðari hluta árs 1973. Fyrir því óskaði hann að vera undanþeginn störfum í nefndinni og að Gunnar Guðmundsson, skólastjóri Laugarnesskóla og þáverandi staðgengill hans í Ríkisútgáfunni, tæki sæti í nefndinni í hans stað. Fyrir þessari málaleitan fékkst samþykki, og starfaði Gunnar því í nefndinni allan starfstímann. Að ósk nefndarformanns tók Jón Emil hins vegar að sér að kanna starfsemi Utbildningsförlaget í Stokkhólmi og Forsøksrådet for skoleverket í Osló, er hann var staddur á Norðurlöndum í júnímánuði 1973, og ritaði hann rækilega skýrslu um þá könnun. — Af áðurgreindum ástæðum er ljóst, að þeir nefndarmenn sem sömdu frumvarpið voru Andri Ísaksson, Benedikt Gröndal, Gunnar Guðmundsson og Ingi Kristinsson. Auk þess starfaði með nefndinni Guðný Helgadóttir, fulltrúi í Skólarannsóknadeild Menntamálaráðuneytisins, og annaðist hún fundarritun o. fl.

Hinn 12. október 1973 skrifaði nefndin 18 samtökum og stofnunum og gaf þeim kost á að senda „umsögn eða tillögur um hlutverk, skipulag og störf tengdrar eða sameinaðrar ríkisstofnunar“ á sviði námsefnis og kennslutækja.

Voru þetta eftirtaldir aðilar:

- x Samband íslenskra barnakennara
- x Landssamband framhaldsskólakennara
- x Félag háskólamenntaðra kennara
- Félag skólastjóra gagnfræðastigsins
- x Skólastjórafélag Íslands
- Skólastjórafélag Reykjavíkur
- Félag íslenskra sérkennara
- x Tónmenntarkennarafélag Íslands
- } Félag íslenskra myndlistarkennara
- x } Félag íslenskra smíðakennara
- } Handavinnukennarafélag Íslands
- x Íþróttakennarafélag Íslands
- Kennarafélagið Hússtjórn
- x Bókavarðafélag Íslands
- x Kennaraháskóli Íslands
- x Háskóli Íslands
- x Námsbókanefnd
- x Stjórn Fræðslumyndasafns ríkisins.

Alls sendu 14 aðilar skrifleg svör við bréfi nefndarinnar (sjá krossa framan við nöfn þeirra), þar af þrjú kennarafélög sameiginlega. Tóku allir þessir umsagnaraðilar undir nauðsyn aukins samstarfs og samráðs milli Ríkisútgáfu námsbóka og Fræðslumyndasafns ríkisins, og meiri hluti þeirra, sem tóku efnislega afstöðu til málsins, lögðu til, að stofnanirnar yrðu sameinaðar í eina deildaskipta stofnun. — Hinn 11. janúar 1974 hélt nefndin síðan ráðstefnu með sömu umsagnaraðilum og nokkrum embættismönnum á sviði menntamála, þ. á m. ráðuneytisstjóra Menntamálaráðuneytisins, bókafulltrúa ríkisins og framkvæmdastjóra Ríkisútgáfu námsbóka og Skólavörubúðar. Sóttu ráðstefnuna 28 gestir auk nefndarmanna og fundarritara nefndarinnar, og höfðu þar með fulltrúar nálega allra umsagnaraðila haft samband við nefndina. Á ráðstefnunni var uppkast að lagafrumvarpi, sem nefndin hafði samið, notað sem umræðugrundvöllur. Hjá öllum þeim gestum nefndarinnar, sem tóku til máls, kom fram mikill áhugi á eflingu og samræmdu starfi að námsefnis- og kennslutækjamálum af hálfu ríkisins, og vildu flestir ræðumenn stiga skrefið til fulls að sameiningu í eina stofnun með deildaskiptingu. Á næsta nefndarfundi eftir ráðstefnuna, hinn 14. janúar 1974, voru gerðar allmargar breytingar á frumvarp-  
textanum í samræmi við fram komin sjónarmið og ábendingar, og gekk nefndin þar með endanlega frá lagatexta frumvarpsins fyrir sitt leyti.

Af ýmsum ástæðum dróst það í nærfellt ár, að nefndin gæti hafið störf. Var meginorsökin sú, að á sama tíma voru miklar annir í Menntamálaráðuneytinu vegna undirbúnings að öðrum lagafrumvörpum, einkum frumvarpi til laga um grunn-skóla. Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn hinn 23. júlí 1973 og hinn síðasti 4. febrúar 1974. Alls hélt nefndin 13 fundi, auk ráðstefnunnar með áðurgreindum umsagnaraðilum.

Nefndarmenn eru sammála um öll atriði frumvarpsins.

## 2. Um helstu breytingar frá núgildandi lögum, sem frumvarpið felur í sér.

Frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er ætlað að leysa af hólmi lög nr. 51/1956 um Ríkisútgáfu námsbóka og lög nr. 54/1961 um Fræðslumyndasafn ríkisins, svo og 21. gr. laga nr. 49/1967 um skólakostnað. Helstu viðaukar og breytingar frá gildandi lögum, sem í frumvarpinu felast, eru sem hér greinir:

- 1) Ríkisstofnanir, sem starfa að útgáfu, miðlun og framleiðslu námsefnis og kennslugagna eru sameinaðir í Námsgagnastofnun, er lúti daglegri stjórn eins forstjóra, námsgagnastjóra. Undir Námsgagnastofnun heyrir Ríkisútgáfa námsbóka og Fræðslumyndasafn ríkisins, svo og Skólavöruhús og Námsgagnagerð, sem sett eru sérstök ákvæði um í frumvarpinu. Umræddar deildir skulu þó halda sjálfstæðum heitum og koma fram út á við undir þeim samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar stofnunarinnar. Jafnframt er stjórninni heimilað að gera breytingar á starfsháttum, er miði að aukinni samhæfingu starfa og bættri þjónustu.
- 2) Í stað Námsbókanefndar og stjórnar Fræðslumyndasafns ríkisins kemur ein og óskipt Námsgagnastjórn, skipuð sjö mönnum, að meirihluta kennurum, og skal hún hafa með höndum yfirstjórn á starfsemi og fjárreiðum Námsgagnastofnunar.
- 3) Ákvæði eru um, að Námsgagnastofnun skuli hafa nána samvinnu við þá aðila, sem vinna að endurskoðun námsefnis og nýjungum í kennslustarfi á vegum Menntamálaráðuneytisins, svo og við fræðsluskrifstofur sveitarfélaga og stofnanir, er veita kennaramenntun.
- 4) Fræðslu- og upplýsingastarfsemi um náms- og kennslugögn og notkun þeirra verður mjög eflað á öllum sviðum, og er lögð sérstök áhersla á þetta í sambandi við störf Fræðslumyndasafns að hagkvæmri notkun nýsítækni (hljóð- og myndritaðra námsgagna).
- 5) Ákvæði er um, að Námsgagnastofnun skuli stuðla að vexti og greiða fyrir stofnun skólabókasafna.

- 6) Stofnuð verður Námsgagnagerð, sem verður sérstök deild í Námsgagnastofnun og framleiðir náms- og kennslugögn miðað við íslenskar þarfir og aðstæður. Í tengslum við Námsgagnagerð verður starfrækt tilraunastofa.
- 7) Sett eru lagaákvæði um Skólavöruhús, er taki við hlutverki Skólavörubúðar Ríkisútgáfu námsbóka og fleiri skyldum störfum sem sérstök deild í Námsgagnastofnun.
- 8) Lögfest er, að auk eiginlegra námsbóka skuli Ríkisútgáfan gefa út handbækur og kennsluleiðbeiningar handa kennurum, svo og ýtarbækur, þ. e. viðbótarbækur, fyrir nemendur.
- 9) Ákvæði er um löggildingu námsbóka og hlutverk Námsgagnastjórnar í því sambandi, svo og hversu fara skuli með ágreining í slíkum málum.
- 10) Ákvæði um fjármögnun allra deilda Námsgagnastofnunar eru einfölduð og samræmd. Er miðað við, að allt ríkisfé til stofn- og rekstrarkostnaðar verði í formi venjulegra fjárveitinga í fjárlögum miðað við þarfir og starfsáætlanir, en sérskattar til fjármögnunar niður lagðir. Aðrar tekjur stofnunarinnar verði eðlilegar sölu- og leigutekjur af efni og tækjum. Tekjum stofnunarinnar verði eingöngu varið í þágu þeirra verkefna, sem lögin mæla fyrir um.
- 11) Til þess að flýta fyrir samræmdu starfi og sameiningu deilda Námsgagnastofnunar er gert ráð fyrir því, að sem fyrst eftir að lögin taka gildi tengist öll starfsemi stofnunarinnar í sameiginlegu húsnæði, og verði það sem næst Kennaraháskóla Íslands.

### 3. Um þróun náms- og kennslutækni á Íslandi.

Nú tíma skóli er ekki aðeins kennarar, nemendur og húsnæði, heldur kemur til fjölbreytilegur kostur náms- og kennslugagna. Í eina tíð voru tafla, kít og nokkrar bækur að heita má öll þau gögn, sem til voru við kennslu, en á síðari áratugum hefur orðið á þessu mikil breyting. Prentun hefur fleygt fram, hlutir úr nýjum efnunum komið til sögunnar og ljósmynda- og rafeindatækni haldið innreið í skólana í mjög auknum mæli.

Mikil fólksfjölgun og vaxandi sókn í fjölbreytt framhaldsnám hafa valdið því, að Íslendingum hefur verið ærið verkefni að reisa skólahús með hefðbundnum búnaði til að hafa við. Hitt hefur mætt afgangi að fylgjast með þeim nýjungum í náms- og kennslutækni, sem nú þykja sjálfsagðar í skólum grannlanda. Ennfremur hefur reynst dýrt og erfitt að framleiða íslenskt kennsluefni með hinni nýju tækni fyrir svo lítinn markað, sem hér er.

Tæplega fjórir áratugir eru liðnir, síðan fyrst var sett hér á landi löggjöf á þessu sviði, og var þá eðlilega byrjað smátt. Ríkisútgáfa námsbóka hóf starf sitt undir verndarvæng Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg og Menningarsjóðs, en visir að Fræðslumyndasafni ríkisins varð til innan Fræðslumálaskrifstofunnar. Ríkisútgáfan hefur orðið allmikil stofnun, og út úr henni hefur vaxið Skólavörubúðin, myndarlegt fyrirtæki með mikilsvert hlutverk. Fræðslumyndasafnið hefur einnig aukist, en samt er því þröngur stakkur sniðinn. Í frumvarpinu er lagt til að sameina þessar stofnanir og bæta við Námsgagnagerð, sem mun fylla skarð í þessum efnunum hér á landi.

Það er tilgangur frumvarpsins að koma náms- og kennslugagnamálum í fastari og betri skipan en verið hefur og skapa þær aðstæður, að íslenskir skólar verði í framtíðinni sem best búnir í þessum efnunum, og geti ávallt fylgst með þróun tækninnar og tileinkað sér það úr henni, sem á við íslenskar aðstæður.

Verður nú gerð grein fyrir þeim þremur stofnunum, er sameina á, svo og þeim óplægða akri, þar sem fjórða þætti Námsgagnastofnunar er ætlað að gróa, ef allt fer að vonum.

### A. Ríkisútgáfa námsbóka og Skólavörubúðin.

Lög um Ríkisútgáfu námsbóka voru fyrst sett árið 1936. Þau urðu til vegna brýnnar þarfar. Nemendur barnaskólanna skorti námsbækur tilfinnanlega. Það mun til að mynda hafa átt sér stað, að börn fengju ekki sökum fátæktar þær bækur, sem þau áttu að læra.

Samkvæmt lögnum frá 1936 var fastbundið, að prentsmiðjustjóri Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg skyldi veita Ríkisútgáfu námsbóka forstöðu, og var námsbókaútgáfan rekin í beinum tengslum við prentsmiðjuna fyrstu 20 árin.

Stjórn Ríkisútgáfunnar var lögum samkvæmt falin nefnd, Námsbókanefnd, og hefur svo verið æ síðan. Var fyrsta Námsbókanefndin skipuð 1. apríl 1937. Áttu í henni sæti þeir Vilmundur Jónsson, formaður, en hann hafði einnig verið aðalhvattmaður að setningu laganna, Jónas Jónsson og Guðjón Guðjónsson.

Ríkisútgáfan stuðlaði frá upphafi að nauðsynlegri samræmingu í gerð námsbóka. Hins vegar var fjárhagur útgáfunnar svo þröngur framan af, að gæta varð ítrasta sparnaðar, og voru bækurnar hvorki stórar né veglegar ásýndum. Þó urðu þáttaskil í námi íslenskra barna við tilkomu þeirra.

Árið 1956 voru sett lög þau, sem nú gilda um Ríkisútgáfu námsbóka. Er þar kveðið á um, að nemendur við skyldunám í barna- og unglíngaskólum skuli fá námsbækur ókeypis, en áður var þetta takmarkað við nemendur barnaskóla. Með tilkomu þessara laga var ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri að útgáfunni, og hefur hann veitt henni forstöðu síðan. Þá fór fjárhagur útgáfunnar nokkuð að rýmkast eftir lagasetningu þessa, og urðu námsbækurnar því smám saman fleiri, stærri og vandaðri að allri ytri gerð.

Fámennar hjóðir verða oft að búa við einhæfni eða fábreytni á ýmsum sviðum, stundum til nokkurra óþæginda. Hafa skólamenn landsins löngum fundið til þessa, að því er námsbækur varðar. Á undanförunum árum hefur Ríkisútgáfan reynt að hafa á boðstólum tvær bækur eða bókaflokka í hverri grein, einkum með því að gamlar bækur standi skólum til boða jafnframt nýjum bókum í sömu grein. Í þessu lagafrumvarpi er stefnt ákveðnara að þessu sama marki — að gefa jafnan út tvenns konar námsbækur hið fæsta í hverri grein, svo að skólastjórar og kennarar geti valið þær bækur, sem þeir telja best henta.

Á síðustu árum hefur tekist náin samvinna milli Ríkisútgáfu námsbóka og Skólarannsóknadeildar Menntamálaráðuneytisins, sem hefur síðan 1968 unnið á kerfisbundinn hátt að endurskoðun námsefnis í flestum námsgreinum barna- og gagnfræðaskóla og skipað nefndir til þeirra starfa. Virðist það vera heppilegt fyrirkomulag, að samstæður hópur manna semji hverja námsbók, en áður var slíkt verk venjulega falið einum manni. — Í þessu frumvarpi er tekin sú stefna að treysta enn betur bönd slíkrar samvinnu milli Ríkisútgáfunnar og Skólarannsóknadeildar Menntamálaráðuneytisins.

Samkvæmt lögnum frá 1936 og 1956 var það almenn regla, að námsbækur Ríkisútgáfunnar skyldu afhentar nemendum ókeypis til eignar, eitt eintak af hverri bók, sem nota skyldi til námsins. Á undanförunum árum hefur útgáfan gert tilraun með breytt fyrirkomulag, þ. e. að úthluta skólum nægilegum fjölda bóka, en síðan lána skólarnir nemendum bækurnar. Það mun vera almenn skoðun skólamanna, að slíkt fyrirkomulag hafi mikla kosti, og til að mynda gefur það skólunum tækifæri til að leggja sérstaka áherslu á vandaða meðferð bókanna og veita þannig uppeldislegt og síðferðislegt aðhald. Þá er gífurlegur sparnaður að slíku kerfi, og sést það skýrlega á því, að árlegt endurnýjunarhlutfall umræddra bóka er aðeins um þriðjungur. Hefur verið reiknað út, að skólaúthlutun námsbóka hafi sparað Ríkisútgáfunni allt að 20 millj. kr. á árinu 1973. Verði frumvarp þetta að lögum, má ætla, að slíkt fyrirkomulag á úthlutun námsbóka verði mjög eflt á næstu árum.

Til marks um starfsumfang Ríkisútgáfu námsbóka skal þess getið, að árið 1972 voru gefnir út 88 bókatitlar, þar af 45 frumútgáfur og 43 endurútgáfur. Útgefinn



eintakafjöldi nam 623 þús. bókum. Það eru um 40 þús. nemendur, sem nota bækur Ríkisútgáfunnar á ári hverju.

Fyrir rúmum hálfum öðrum áratug hóf Ríkisútgáfa námsbóka útvegum ýmiss konar námsgagna og ýtarbóka eða aukabóka handa nemendum í skyldunámi. Jókst sú starfsemi smám saman, því að þörf kallaði að. Varð þetta upphaf Skólavörubúðarinnar, sem nú er orðin allmikil stofnun.

Skólavörubúðin útvegar og selur skólum margs konar náms- og kennslugögn, sem sum hver er einkar örðugt að fá annars staðar. Sem dæmi um slíkt má nefna samstæðu mjög margra tækja og hluta, sem notuð eru við kennslu í eðlisfræði. Er vinna við innkaup og afgreiðslu svo margra (yfir 200) litilla hluta svo mikil og dýr í hlutfalli við verðgildi hlutarins, að óvíst er, að einkaverslanir gætu sinnt slíkri þjónustu. Þá sinni Skólavörubúðin einnig mikilvægu birgðavörsluhlutverki fyrir Ríkisútgáfuna, umfangsmikilli dreifingu á námsbókum o. fl.

Með þessu frumvarpi eru sett sérstök lagaákvæði um Skólavöruhús, sem taka mun við hlutverki Skólavörubúðarinnar nokkuð auknu og efldu.

Námsbókanefnd hefur yfirumsjón með allri starfsemi Ríkisútgáfu námsbóka og Skólavörubúðarinnar. Samkvæmt lögum frá 1956 eiga sæti í nefndinni tveir fulltrúar fyrir Samband íslenskra barnakennara, einn fyrir Landssamband framhaldsskólakennara, fræðslumálastjóri og formaður skipaður af menntamálaráðherra án tilnefningar.

Starfslið Ríkisútgáfu og Skólavörubúðar var í júlí 1973 alls 23 menn, þar af 9 manns hjá útgáfunni, en 14 hjá búðinni. Starfsmenn eru hins vegar ekki jafnmargir á öllum árstímum. Mesti annatími er tímabilið ágúst—nóvember, og er þá oftast fleira fólk við störf en að ofan greinir.

## B. Fræðslumyndasafn ríkisins.

Fyrstu lög um kennslukvikmyndir voru sett hér á landi árið 1937. Með lögum nr. 1/1944 var kennslumyndasafninu ákveðinn hluti skemmtanaskatts, en sú skipan var afnumin með lögum nr. 57/1957 og útgjöld safnsins tekin í fjárlög.

Kennslumyndasafnið var allt fram til 1961 hluti af Fræðslumálastofnunni, bjó löngum við þróngan kost og hafði 1—2 starfsmenn.

Árið 1961 setti Alþingi lög um Fræðslumyndasafn ríkisins, gerði það að sjálfstæðri stofnun, jók verkefni þess og setti því sérstaka stjórn. Eru löggin frá 27. mars 1961, en reglugerð samkvæmt þeim var gefin út 5. janúar 1963.

Í stjórn safnsins eru einn fulltrúi fyrir Samband íslenskra barnakennara, einn fyrir Landssamband framhaldsskólakennara, einn tilnefndur af Útvarpsráði, einn af Menntamálaráði og loks formaður skipaður án tilnefningar. Aðild Ríkisútvarpsins og Menntamálaráðs helgaðist af hugmyndum, sem í lögum eru, um samstarf safnsins við þessar stofnanir viðvikjandi útgáfu á hljómplötum og gerð kvikmynda.

Starfslið safnsins var þrjú menn allar götur fram til 1970, er hinn fjórði bætist við.

Fræðslumyndasafnið er fyrst og fremst útlánasafn fræðslukvikmynda, sem hefur þó samkvæmt ákvæðum laganna frá 1961 þróast hægt í þá átt að verða miðstöð fyrir nýsítækni í skólakerfinu. Safninu ber einnig að styðja íslenska fræðslumyndagerð. Höfuðþætti starfseminnar má flokka sem hér segir:

- (i) **Kvikmyndasafn**, um 1900 eintök 16 mm kvikmynda. Útlán mynda og nokkurra sýningarvéla.
- (ii) **Upplýsingamiðstöð** um nýsítækni, sérstaklega um fánlegt sýningarefni. Fylgst er með nýjungum og þær kynntar. Efni er pantað fyrir skóla samkvæmt óskum.
- (iii) **Útgáfa og sala** á íslenskum skyggnum og segulböndum. Framleiðsluaðstaða er þó engin.
- (iv) **Stuðningur** við kvikmyndagerð og ýmis önnur verkefni, þar á meðal kaup og geymsla gamalla, íslenskra kvikmynda, eftir því sem mjög takmörkuð efni hafa leyft.

Lögin gera ráð fyrir ýmsum fleiri verkefnum, sem ekki hefur verið unnt að sinna sökum skorts á fjármagni og aðstöðu. Þar má telja íslenska útgáfu erlendra kvikmynda, sem hefur verið allt of lítil; að safnið eignaðist tæki til kvikmyndagerðar, vinnustofu og aðra aðstöðu; að hafa samstarf við aðra aðila um kvikmyndagerð; að safna nægilega miklu af gömlum, íslenskum kvikmyndum, skrá þær og varðveita í viðunandi geymslum.

Með lögunum um skólakostnað frá 1967 var Fræðslumyndasafninu ætlaður nýr, fastur tekjustofn, ákveðið gjald á hvern nemanda, greitt að  $\frac{3}{4}$  af ríkissjóði, en  $\frac{1}{4}$  af sveitarsjóðum. Gjaldið var ákveðið kr. 20.- eða rétt yfir 1 millj. kr. í heild. Í framkvæmd hefur Menntamálaráðuneytið þó ekki talið svara kostnaði að innheimta svo mörg og lág gjöld af sveitarfélögum, og hefur fjórðungur þeirra einnig verið greiddur af ríkissjóði síðustu ár. Í reynd hefur því ríkissjóður staðið undir kostnaði við rekstur safnsins.

Útlán kvikmynda hafa ávallt verið og eru veigamesti þáttur starfsemi Fræðslumyndasafnsins. Safnið leitast við að kaupa allar fræðslumyndir, sem gefnar eru út á Íslandi, og kaupir þá oft 2—5 eintök af hverri. Af erlendum myndum er sjaldan unnt að kaupa nema eitt eintak, og dregur það úr notagildi safnsins við kennslu. Útlán safnsins stóðu að mestu í stað 1966—69, er sjónvarp breiddist um landið, en hafa síðan aukist að nýju. Hefur orðið sú breyting, að minna er um fjöldasýningar til skemmtunar í skólunum, en meira um, að einstakir bekkir sjái kvikmyndir, og bendir þetta til þess, að þær séu meira notaðar við sjálfa kennsluna en áður. Á árinu 1972 voru íslenskar myndir lánaðar 884 sinnum, og var tala áhorfenda þeirra yfir 91 000. Erlendar myndir voru lánaðar 4 138 sinnum og áhorfendafjöldi þeirra yfir 434 000. Lántakendur voru 142 skólar á skyldunámsstigi, 32 framhalds- og sérskólar, 39 stofnanir ýmiss konar, 109 félög, 41 einstaklingur og 2 skip.

Fræðslumyndasafnið hefur aldrei haft fjármagn til að veita íslenskri kvikmyndagerð verulegan stuðning og hefur aldrei getað eignast aðstöðu til kvikmyndagerðar, svo sem lögin gera ráð fyrir. Þó hefur verið reynt að aðstoða þá aðila, sem gert hafa íslenskar fræðslumyndir, með því að veita þeim tollfrjálsa filmu (sbr. heimild í tollskrá), kaupa af þeim eintök og veita þeim margvíslega aðra fyrirgreiðslu, t. d. í sambandi við erlendar sýningar.

Samkvæmt þessu frumvarpi verður Fræðslumyndasafnið alger skólaflokkur. Þó er gert ráð fyrir því, að aðstoð þess við íslenska fræðslumyndagerð verði haldið áfram svipað og verið hefur. Verður þó að telja það eftir sem áður óleyst vandamál, hver aðstoð íslenska ríkisins við kvikmyndagerð sem listgrein á að verða, og er óhjákvæmilegt að athuga það mál sérstaklega til að finna á því lausn.

### C. Námsgagnagerð.

Námsgagnagerð er ætlað að framleiða hvers kyns náms- og kennslugögn, en fyrst og fremst þau, sem eru séríslensk að efni, máli eða annarri gerð. Hún mun því ekki framleiða borð og stóla, töflur og krít eða aðra þá hluti, sem skólar allra landa geta notað jafnt, og verða því framleiddir í miklu magni, þar sem hagkvæmast reynist. Hins vegar mun hún framleiða þau gögn, sem eru staðbundin Íslandi eða koma ekki að notum, nema íslensk tunga komi til í töluðu eða prentuðu máli, svo og ýmsa hluti og tæki, t. d. í sambandi við kennslu í raungreinum, sem hentugt þykir að framleiða á vegum Námsgagnastofnunar. Á slíku náms- og kennsluefni hefur verið mikill skortur.

Rétt er að taka þegar fram, að Námsgagnagerð er ekki ætlað að hefja prentun kennslubóka eða annars efnis né annast band bóka. Prentsmiðjukostur er góður í landinu, bæði á vegum ríkisins og annarra aðila. Ljósritun og fjölritun í minna mæli koma þó til greina, þar eð oft þarf stuttar skýringar með öðrum námsgögnum, t. d. skyggnum, myndræmum o. fl.

Meginverkefni Námsgagnagerðar er að framleiða nýsiefni, þ. e. hljóð- eða myndritað efni, en á því sviði er aðstoða í landinu lítil sem engin fyrir. Að nokkru leyti

verður um að ræða efni, sem gefið verður út fyrir alla skóla, en einnig verður að vinna ýmis verk fyrir einstaka skóla eftir ósk þeirra. Verða nú nefnd nokkur dæmi.

Litskyggnur eru mikið notaðar í skólum, enda létt, þægileg og góð kennslutæki. Fræðslumyndasafn ríkisins hefur gefið út nokkra flokka af íslenskum skyggnum, aðallega um sýslur landsins. Þessi útgáfa hefur takmarkast mjög af því, að einungis eitt fyrirtæki í landinu getur framleitt skyggnur, og það hefur verið ofhlaðið verkefnum. Hefur verið reynt að leita til annarra landa, en það er ýmsum erfiðleikum háð. Kennarar og nemendur um allt land taka nú sjálfir myndir, sem æskilegt væri að geta unnið fyrir skólana. Þá væri gott að eiga safn frummynda, sem skólar gætu pantað eftir stakar myndir án þess að kaupa heila myndaflokka. Myndræmur hafa ekki verið framleiddar hér á landi, en allmikið flutt inn af þeim.

Myndvarpar hafa breiðst ört út í skólakerfinu síðari ár, og mun slíkt tæki innan fárra ára verða í svo til hverri almennri kennslustofu. Þá má nota á margvíslegan hátt, og er æskilegt, að kennarar og nemendur geri sjálfir glærur til sýningar í þeim. En einnig þarf að framleiða á vandaðan hátt efni, sem allir skólar þurfa að hafa, en til þess er nú engin aðstaða í landinu.

Segulbandstæki hafa einnig breiðst ört út í skólum, sérstaklega eftir að hin léttu hylkistæki komu til sögunnar. Eru þau mikið notuð við tungumálakennslu, en geta komið að margvíslegum notum í öðrum greinum. Einnig er hægt að samstilla t. d. litskyggnur og tal á segulbandsspólu. Nokkuð hefur verið framleitt af spólum hér á landi, en tæki til fjöldaframleiðslu á þeim hafa ekki verið til. Einnig kæmi til greina, að Námsgagnagerð hefði lítinn lestrarsal til að gera frumhljóðritanir, og mun þar opnast nýr heimur fyrir kennara og nemendur.

Af öðrum verkefnum má nefna 8 mm hylkiskvikmyndir, ljósmyndun og vinnu fyrir skóla á því sviði, upplímingu myndspjalda og margt fleira. Er þá ekki minnst á hugsanleg verkefni í sambandi við myndsegulband. sjónvarpshylki, „stereo“-hljóðritun og ýmislegt fleira, sem nú þegar breiðist út í skólakerfum grannlanda, en verður enn um sinn að heyra til framtíðardraumum hér á landi.

Enda þótt íslenskir skólar séu langt á eftir skólum nágrannalanda í notkun á nýjustu kennslutækni, t. d. myndsegulböndum, innanhússjónvarpi og tungumálastofum, eiga þeir allmikið af hinum eldri og ódýrari tækjum. Fræðslumyndasafn hefur þrisvar sinnum gert könnun á tækjæign skólanna, hina síðustu í árslok 1972. Rúmlega helmingur skóla á sviði skyldunámsins svaraði fyrirspurnum, og reyndist tækjæignin vera sem hér segir:

Engin tæki áttu .....	5.4%
Skuggamyndavélar áttu .....	88.3%
Segulbandstæki áttu .....	81.1%
16 mm kvikmyndavélar áttu .....	78.4%
Myndvarpa áttu .....	67.6%
Myndsýna áttu .....	30.6%
Sjónvarpstæki áttu .....	26.1%
8 mm kvikmyndavélar áttu .....	4.5%

Á síðustu árum hefur aukning orðið langmest, að því er varðar segulbandstæki og myndvarpa. Sjónvarpstæki eru fyrst og fremst í heimavistarskólum og eru ekki notuð til heinnar kennslu.

Þessar töflur gefa til kynna, að nokkuð skorti á að þessi algengustu kennslutæki séu til í öllum skólum. Engu að síður er þetta allmikill tækjakostur, og er áætlað, að endurnýjunarverð hans sé um 55 millj. kr. miðað við verðlag 1973. Er því nauðsynlegt að sjá fyrir góðu, íslensku efni til notkunar í tækjunum, og þarf það efni að sjálfsögðu að falla að íslenskum námsskrám. Verður eitt af hlutverkum Námsgagnastofnunar að afla skólunum slíks efnis, en til þess er Námsgagnagerð nauðsynlegur þáttur.

#### 4. Athugasemdir um einstakar greinar.

##### Um 1. gr.

Hér er kveðið á um samfélagslegt meginhlutverk Námsgagnastofnunar — að vinna að því, að íslenskir skólar hafi jafnan sem best og fullkomnust náms- og kennslugögn, nánar tiltekið prentað mál, hljóð- og myndritað efni, tæki, hluti o. s. frv. Orðið skólar er hér hugsað í viðtækri merkingu og átt við hvers kyns fræðslustofnanir.

Þeir þjónustuaðilar, sem teljast til stofnunarinnar, verði Ríkisútgáfa námsbóka, Fræðslumyndasafn ríkisins, Námsgagnagerð og Skólavöruhús, sbr. 5. gr. frumvarpsins og athugasemdir við hana. Auk þess hafi stofnunin með höndum önnur verkefni, sem tilgreind eru í frumvarpinu, og er þar einkum átt við fræðslustarf, tilrauna- og nýjungastarf, svo og löggildingu námsbóka, sem stjórn stofnunarinnar er falið að annast samkvæmt 15. grein.

Greinin kveður á um, að Námsgagnastofnun skuli heyra undir Menntamálaráðuneytið. Samkvæmt því er stofnunin ríkisfyrirtæki, sbr. einnig 14. grein. Ljóst er, að stofnun, sem ætlað er að tryggja íslenskum skólum sem best og fullkomnust náms- og kennslugögn, hlýtur að verða á vegum ríkisins, eigi hún að veita öllu landinu og öllum skólum almenna þjónustu á starfssviði sínu. Er hér raunar um að ræða eðlilegt framhald þeirrar stefnu til aðstöðujöfnunar á þessu sviði, sem löggjafarvaldið hefur markað frá og með árinu 1936, er fyrst voru sett lög um Ríkisútgáfu námsbóka.

Þess skal getið, að í frumvarpi þessu eru hugtökin námsgögn og kennslugögn notuð í viðtækri merkingu yfir hvers kyns efni til að vinna með, þar með talið prentað og fjölritað mál og hljóð- og myndritað efni, svo og um hluti og tæki, sem notuð eru við nám og kennslu. Námsgögn höfða til þess, sem nemandinn vinnur einkum með, en kennslugögn til þess, sem sérstaklega snýr að kennaranum.

##### Um 2. gr.

Verkefni Námsgagnastofnunar eru hér tilgreind í aðalatriðum — að annast framleiðslu, útgáfu og miðlun námsefnis og kennslutækja, fylgjast með nýjungum á því sviði og halda uppi fræðslu og upplýsingastarfsemi þar að lútandi.

Þá er í greininni ákvæði, sem leggur stofnuninni þær skyldur á herðar að hafa náð samstarf við þrjá aðila: 1) þá, sem vinna að endurskoðun námsefnis og nýjungum í kennslustarfi á vegum Menntamálaráðuneytisins (hér er um að ræða skólarannsóknadeild ráðuneytisins), 2) fræðsluskrifstofur sveitarfélaga, og 3) stofnanir, sem veita kennaramenntun.

Vissulega gefur það auga leið, að Námsgagnastofnun þarf að hafa samvinnu og samráð við marga aðila aðra en þá, sem hér eru nefndir. Hins vegar er jafnframt ljóst, að starf Námsgagnastofnunar er mjög háð nánu samstarfi við hina tilgreindu aðila, eigi átak hins opinbera á þessu sviði að geta orðið verulega gagnlegt og skilvirk.

Á vegum Menntamálaráðuneytisins hefur á undanförunum árum verið unnið mjög mikið starf að endurskoðun námsefnis og námsskrár í barna- og gagnfræðaskólum. Er talsvert nýtt námsefni nú þegar komið út í kjölfar þessarar endurskoðunar, og hefur náðst náð samstarf milli Skólarannsóknadeildar ráðuneytisins og Ríkisútgáfu námsbóka um þá útgáfustarfsemi. Einnig hefur farið vaxandi samstarf deildarinnar og Fræðslumyndasafns ríkisins í þessu efni. Mjög nán samvinna milli Menntamálaráðuneytisins og Námsgagnastofnunar á þessu sviði er ófrávikjanleg nauðsyn, og koma þar til m. a. samstilltar ákvarðanir um meiri háttar verkefni, skýr verkaskipting og gott heildarskipulag allrar starfseminnar.

Fræðsluskrifstofur sveitarfélaga eru mjög mikilvægir aðilar sem tengiliðir milli Námsgagnastofnunar og skóla um land allt. Einkum er þetta hlutverk fræðsluskrifstofanna mikilvægt á sviði nýjungastarfs í náms- og kennslutækni, þar sem fræðslu-

skrifstofurnar þyrftu að verða miðlunar- og hvataaðili. Einnig kemur hér til ýmis hugsanleg aðstoð fræðsluskrifstofanna við útvegum og dreifingu gagna. Verði frumvarp til laga um grunnskóla að lögum, munu sem verða stofnaðar fræðsluskrifstofur í öllum kjördæmum, og verður umrætt svið meðal mikilvægustu þátta þess kennslufræðilega starfs, sem skrifstofunum er ætlað að annast. Þá skal þess og getið, að Fræðsluskrifstofa Reykjavíkur hefur nú þegar stofnað sérstaka kennslufræðideild, er m. a. vinnur að margháttuðum verkefnum á sviði námsefnis og kennslutækni. Sem eðlilegt er, að fræðsluskrifstofur og Námsgagnastofnun vinni að í sem bestu samstarfi.

Náin samvinna Námsgagnastofnunar við kennaraskóla landsins er svo augljós nauðsyn, að rökstuðningur er óþarfur. Grundvallarnám kennaraefna í náms- og kennslutækni fer fram í menntastofnunum kennara sem þáttur í undirstöðuhjálfun fyrir kennarastarfið. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir, að Kennaraháskóli Íslands verði eins konar samnefni kennaraskólanna varðandi skipulegt samstarf við Námsgagnastofnun, sbr. 17. grein og athugasemdir við hana.

### Um 3. gr.

Í þessari grein er lagt til, að sjö manna Námsgagnastjórn verði skipuð til að hafa yfirumsjón með störfum Námsgagnastofnunar. Er hér raunar um að ræða nokkra fækkun frá því, sem nú er, því að samkvæmt núgildandi lögum eiga samtals 10 manns sæti í Námsbókanefnd og stjórn Fræðslumyndasafnsins.

Gert er ráð fyrir, að fulltrúar samtaka kennara á skyldunámsstigi verði fjórir í Námsgagnastjórn, tveir fyrir Samband íslenskra barnakennara og tveir fyrir unglingastig skyldunámsskóla, annar fyrir Landssamband framhaldsskólakennara og hinn fyrir Félag háskólamenntaðra kennara. Þá verði einn fulltrúi fyrir Kennaraháskóla Íslands og annar fyrir Menntamálaráðuneytið, og vísast um rökstuðning fyrir því til athugasemda við síðari málsgrein 2. greinar. Loks verði í stjórninni einn fulltrúi skipaður af menntamálaráðherra án tilnefningar. Það er hér nýmæli, að ekki er gert ráð fyrir, að ráðherra sé bundinn við að skipa þennan síðastnefnda fulltrúa formann nefndarinnar, heldur skipi hann formann og varaformann úr hópi áðurgreindra sjö stjórnarmanna.

Viðvikjandi skipunartíma Námsgagnastjórnar þótti hæfilegt að stytta hann úr fjórum árum, eins og núgildandi lög um Ríkisútgáfu námsbóka og Fræðslumyndasafn ríkisins mæla fyrir um, í þrjú ár.

### Um 4. gr.

Hér er tilgreint hlutverk Námsgagnastjórnar. Er það að mestu í samræmi við tíðkanlegar venjur, en vert er þó að taka eftirfarandi sérstaklega fram:

- a) Viðvikjandi einstökum verkefnum, er aðeins gert ráð fyrir, að stjórnin taki ákvörðun um meiri háttar framkvæmdir og meginrætti í verkefnum deilda. Rétt er, að slík stjórn beri einungis ábyrgð á meginatriðum, sem fela í sér stefnumörkun, en starfsmenn stofnunarinnar stjórni sjálfir framkvæmdum að öðru leyti.
- b) Menntamálaráðherra ræður námsgagnastjóra, þ. e. forstjóra stofnunarinnar, og forstöðumenn hinna fjögurra deilda hennar, að fengnum tillögum stjórnarinnar. Allt annað starfslið ræður Námsgagnastjórn að fengnum tillögum námsgagnastjóra.
- c) Stjórnin lögildir námsbækur, sbr. 15. grein frumvarpsins og athugasemdir við hana.

Segja má, að greinin miði öll að því að ætla Námsgagnastjórn virkt og mikilvægt hlutverk.

### Um 5. gr.

Hér eru taldar upp deildir Námsgagnastofnunar, þ. e. Ríkisútgáfa námsbóka, Fræðslumyndasafn ríkisins, Námsgagnagerð og Skólavöruhús. Einnig eru verkefni

deildanna tilgreind í aðalatriðum, en nánar er fjallað um þau í 8.—13. grein (II.—V. kafla) lagafrumvarpsins og athugasemdum við þær.

Gert er ráð fyrir, að yfir hverri þessara deilda sé forstöðumaður, skipaður af ráðherra að fengnum tillögum Námsgagnastjórnar.

Þá er loks ákvæði um, að deildirnar skuli halda sjálfstæðum heitum og koma fram út á við undir þeim samkvæmt nánari ákvörðun Námsgagnastjórnar. Til þess að unnt verði að sameina ofangreindar stofnanir með eðlilegum hætti í eina Námsgagnastofnun með deildaskiptingu, þarf nokkurn umbóttunartíma. Var talið heppi-  
legast að tryggja hann með þessum hætti. Augljóst er, að áfangar og hraði samein-  
ingar eru ýmsum ástæðum og aðstæðum háðir, m. a. því hversu vel gengur að koma samræmdu skipulagi á starfsemi allra deilda. Ábyrgðin á því að koma sameiningu til framkvæmdar hæfilega hratt með markvísun og öruggum áföngum hvílir fyrst og fremst á Námsgagnastjórn og forstjóra stofnunarinnar, námsgagnastjóra.

#### Um 6. gr.

Þessi grein fjallar um forstjóra Námsgagnastofnunar, sem verði skipaður af menntamálaráðherra að fenginni umsögn Námsgagnastjórnar. Starfsheiti forstjór-  
ans verði námsgagnastjóri.

Eigi að vera full alvara í að sameina núverandi ríkisstofnanir á sviði námsefnis og kennslutækni í eina öflugra og samhæfða stofnun, þarf að tryggja framkvæmdina með því að skipa stofnuninni sameiginlegan og allvaldamikinn forstjóra. Að öðrum kosti er mikil hætta á, að sameiningin nái ekki fram að ganga í reynd, heldur missi marks og verði varla meira en nafnið eitt. Ákvæði greinarinnar um embætti náms-  
gagnastjóra verða því að teljast afar mikilvæg fyrir frumvarpið í heild.

#### Um 7. gr.

Hér er sett ákvæði um kynningar- og fræðslustarf Námsgagnastofnunar, sem verður eitt mikilvægasta verkefni hennar. Fræðsluskrifstofur sveitarfélaga verða lyk-  
ilaðilar í samvinnu um slíka útbreiðslu- og kynningarstarfsemi, og er því lagt til, að stofnunin skuli stuðla að því, að í fræðsluskrifstofum myndist söfn náms- og kennslugagna til kynningar og útlána, og leggja skrifstofunum til efni af þessu tagi eftir föngum. Er þetta ekki síst grundvallaratriði í þjónustu fræðsluskrifstofa úti á landi við umdæmisskóla sína.

Þá er og ákvæði um, að Námsgagnastofnun skuli stuðla að vexti og greiða fyrir stofnun skólabókasafna. Með frumvarpi til laga um grunnskóla er stefnt að mikilli eflingu skólabókasafna, og svipaða sögu er að segja um þróunina í ýmsum framhalds-  
skólum. Er raunar líklegt, að þessi þáttur ásamt gerð námsgagna verði helsti vaxtar-  
broddurinn í starfsemi Námsgagnastofnunar á næstu árum, ef frumvarp þetta nær fram að ganga. — Þess skal getið, að heitið skólabókasafn, sem hér er notað vegna vöntunar á öðru betra orði, markar í raun allt of þröngt svið þeirri starfsemi, sem fyrirhugað er að fari fram í umræddum söfnum. Þetta verða, ef að líkum lætur, eins konar „gagnaver“ með margháttuðum námsgögnum og einn helsti vinnustaður nemenda í skólum, einkum að því er varðar allt sjálfsnám.

#### Um 8. gr.

Hér er meginhlutverk Ríkisútgáfu námsbóka skilgreint svo, að hún annist út-  
gáfu námsbóka fyrir nemendur grunnskóla, þ. e. skyldunámsskóla, en nemendur fáu bækurnar ókeypis, ýmist þannig að þær verði eign þeirra eða skólans. Þá er ákvæði um, að stefnt skuli að því að gefa út tvenns konar námsbækur hið fæsta í hverri grein, en vísir að slíku ákvæði er í núgildandi lögum.

Nýjar aðferðir við kennslu og nám og ný námsgögn af ýmsu tagi hafa leitt til þess, að kennurum er nú meiri þörf en áður á ýmiss konar kennsluleiðbeiningum og handbókum. Skólarannsóknadeild Menntamálaráðuneytisins og Ríkisútgáfan hafa sinnt þessu verkefni, eftir því sem við varð komið, og í greininni eru ákvæði um slíka útgáfu.

Þá er í greininni kveðið á um útkomu ýtarbóka, þar sem fá má meiri og nákvæmari vitneskju um tiltekið námsefni en er í sjálfum námsbókunum. Starf skóla beinist nú mjög í þá átt, að nemendur læri að afla sér fróðleiks á eigin spýtur, geti sjálfir aukið þekkingu sína á ýmsum sviðum og verði þá síðar hæfari til að lifa og starfa í heimi, sem virðist munu breytast því hraðar, því lengra sem líður. Ýtarbækurnar munu því þykja nauðsynlegar í hverri grein og verða að sínu leyti uppi- staða í skólabókasöfnum.

Loks er ákvæði um það, að Ríkisútgáfunni sé heimilt að hafa þær bækur, sem hún gefur út, til sölu á frjálsum bókamarkaði samkvæmt nánari ákvörðun Námsgagnastjórnar. Er efnislega svipað ákvæði í núgildandi lögum.

#### Um 9. gr.

Þessi grein fjallar um grundvallarskipan á úthlutun bóka Ríkisútgáfunnar til skóla.

Sá háttur hefur verið hafður á frá upphafi, að börn hafa fengið námsbækur sínar ókeypis og til eignar frá Ríkisútgáfunni, og eftir 1956 hefur hið sama gilt um nemendur í unglingskólum. Fyrstu áratuginu voru bækurnar svo litlar og ódýrar (oftast 96 bls. eða minni, í litlu broti, virheftar), að ekki þótti taka því að ætla fleiri en einum nemanda að nota hverja bók. Þá söfnuðust stundum á heimilum hlaðar af nothæfum bókum, sem hvergi virtist vera þörf fyrir, og er svo enn að nokkru leyti. En að frumkvæði framkvæmdastjóra Ríkisútgáfunnar eru margar námsbækur nú afhentar skólum til eignar, en ekki nemendum. Nemendur fá þá bækurnar að láni í skólunum, meðan þær eru nothæfar, og nota þá margir sömu bókina, þegar vel tekst til. Enda eru margar bækur útgáfunnar nú orðnar svo stórar og dýrar, að ein-sætt er, að fleiri en einn nemandi noti sumar þeirra, til að mynda þær, sem nemendur þurfa aðeins að nota um skamman tíma. Sparast á hverju ári stórfé með þessu móti.

Aðrar og meiri umbætur varðandi úthlutun námsbóka hafa einnig verið þeim í hug, sem vinna í Ríkisútgáfunni og Skólavörubúð. Er í ráði að taka upp þann hátt, að hver skóli eigi rétt til bóka í samræmi við tölu og aldur nemenda, að bækurnar verði metnar til fjár, sem telst inneign skólans, er síðan sendir pöntun eftir þörfum og óskum.

Ef bækur nýtast vel og lengi í skóla — og það hefur ekki síður uppeldis- og menningargildi en sparnaðar — getur skólinn keypt þeim mun meira af bókum og námsgögnum, sem ekki eru látin ókeypis. Allmikla vinnu þarf til að koma þeirri breytingu á, sem hér er vikið að, og þarf e. t. v. aðgang að tölvu eða góðri bókhalds- vél, þegar úthlutun hefst með þessum hætti.

#### Um 10. gr.

Greinin fjallar um verkefni Fræðslumyndasafns ríkisins, og er þeim til hægðar- auka skipt í fjóra þætti. Sú meginbreyting verður til hagræðingar, að öll innkaup til endursölu, svo og öll dreifing og sala, flytjast til Skólavöruhúss. Annars er vísis að allri starfseminni þegar til, og útlán hvað umfangsmest.

Leggja verður aukna áherslu á upplýsingastarfsemi, sem er skilyrði þess, að notkun náms- og kennslugagna fari vaxandi og batnandi í skólum. Þá er nauðsyn- legt að auka til muna útgáfu á íslensku nýsiefni, bæði skyggnum, myndræmum, glær- um og segulböndum. Þetta efni ætti að hanna í Fræðslumyndasafninu, sjálf fram- leiðsla þess færi síðan fram í Námsgagnagerð, en dreifing og sala í Skólavöruhúsi.

#### Um 11. gr.

Með því að verða hluti af Námsgagnastofnun verður Fræðslumyndasafn ríkisins alger þjónustustofnun fyrir skólakerfið. Hefur meginhluti af starfsemi safnsins raunar alla tíð verið fyrir skólana, en þó hefur það rækt önnur hlutverk, sérstak- lega stuðning við íslenska kvikmyndagerð. Er ekki rétt að fella þann þátt niður, með- an ekki er séð fyrir því verkefni á annan og heppilegri hátt.

#### Um 12. gr.

Eins og þegar hefur komið fram í þessari greinargerð, er aðkallandi þörf á aðstöðu til að framleiða margvíslegt náms- og kennsluefni, sérstaklega það, sem er hljóð- og myndritað. Slík aðstaða er ýmist ekki til hér á landi eða mjög takmörkuð.

Að svo stöddu eru ekki tók á að gera nákvæma áætlun um uppbyggingu eða rekstur Námsgagnagerðar. Hver grein þessarar framleiðslu, sem nefnd hefur verið, getur starfað sjálfstætt, og má af þeim sökum byggja deildina upp í áföngum. Tæki til ljósmynda- og skyggngugerðar eru án efa dýrust, en þau hafa hvað mesta möguleika á öflun tekna. Önnur grein yrði framleiðsla á glærum, og kynni að þurfa teikniaðstöðu með henni. Hin þriðja er framleiðsla á segulböndum, og kemur þar til álita stofa til upplestrar, þegar hljóðritað er efni.

Þegar námsgagnagerð er tekin til starfa með sæmilegum tækjakosti, má gera ráð fyrir, að hún afli sér nokkurra tekna og fer þá eftir verðlagningu, svo og stjórn stofnunarinnar, hvort þær tekjur hrökkva fyrir öllum kostnaði.

Í tengslum við Námsgagnagerð er áætlað að starfrækja tilraunastofu, þar sem stofnunin sjálf eða aðrir aðilar geta unnið að tilraunum og rannsóknum á þessu sviði. Verði stofnunin til húsa í næsta nágranni við Kennaraháskóla Íslands, er vafalaust, að kennaranemar muni geta hagnýtt sér þessa aðstöðu og verklegt nám farið þar fram.

#### Um 13. gr.

Hér er fjallað um hlutverk Skólavöruhúss, sem tekur samkvæmt frumvarpi þessu við störfum Skólavörubúðarinnar og ýmsum skyldum verkefnum.

Skólavöruhúsi er fyrst og fremst falið að útvega námsgögu fyrir skóla bæði ut-  
anlands frá og innan. Þarf við þau störf að njóta sífellt sérhæfðari þekkingar á þörfum skólanna og þeim vörum, sem kostur er á hverju sinni. Verður því á komandi árum þörf mikillar kynningar um þessi efni.

Birgðavarsla er mjög vaxandi þáttur í störfum Skólavöruhússins. Má til að mynda geta þess, að árið 1972 lét Ríkisútgáfan prenta yfir 600 þús. bækur, og hækkar sú tala að mun með ári hverju, enda byggist hagkvæmni í rekstri Ríkisútgáfunnar mjög á stórum upplögum bóka, oft um 30 þús. eintökum.

Dreifing hvers konar námsgagna fyrir Ríkisútgáfu og Fræðslumyndasafn verður einnig mjög gildur þáttur í starfi Skólavöruhúss. Verður þar bæði um að ræða bækur, sem látnar verða ókeypis, seldar bækur og fjölmörg önnur námsgögn af hvers konar gerð.

Áður umrædd nýmæli (sjá um 9. gr.) varðandi dreifingu úthlutunarbóka munu verða starfsliði Skólavöruhússins mikið og ekki vandalaust viðfangsefni.

#### Um 14. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að allur kostnaður við Námsgagnastofnun verði greiddur úr ríkissjóði, og verði hann ákveðinn í fjárlögum hverju sinni. Þetta á jafnt við um framlög til útgáfu námsbóka og námsgagna, svo og nauðsynlegt stofnfé og rekstrarfé til að halda uppi þeirri starfsemi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Nefndin var einhuga um, að kostnaður við Námsgagnastofnun ætti að greiðast beint úr ríkissjóði, enda er það í samræmi við þá þróun, sem orðið hefur að undanförunu. Má þar til nefna, að námsbókagjald var afnumið með lögum árið 1971, og síðustu árin hefur Menntamálaráðuneytið ekki innheimt það gjald af sveitarfélögum, sem lög nr. 49/1967 um skólakostnað heimila og renna átti til Fræðslumyndasafns ríkisins.

Þá er skýrt tekið fram í greininni, að tekjum stofnunarinnar megi aðeins verja í þágu þeirra verkefna, sem löggin mæla fyrir um. Með tekjum stofnunarinnar er hér átt við væntanlegan hagnað af rekstri Námsgagnagerðar og Skólavöruhúss. Það er ekki fráleitt að hugsa sér, að þessar stofnanir geti staðið undir eigin kostnaði, er fram líða stundir.

Verði frumvarp þetta að lögum, er ljóst, að Námsgagnastofnun verður einhver mikilvægasta þjónustustofnun landsins fyrir skóla. Mjög brýna nauðsyn ber því til



þess, að fjárveiting til starfseminnar verði í samræmi við þarfir og starfsáætlanir, sem gerðar eru á grundvelli þeirra þarfa. Ákvæði tveggja síðustu málsgreinanna miða að slíku samræmi. Þau eru röklegt framhald af því, sem vakað hefur fyrir löggjafarvaldinu, þegar sett voru í 7. gr. laga nr. 51/1956 um Ríkisútgáfu námsbóka ákvæði um, að fjárframlög til útgáfunnar skyldu ákveðin „með hliðsjón af kostnaði við útgáfuna næsta ár á undan og fyrirhuguðum framkvæmdum á fjárhagsárinu.“

#### Um 15. gr.

Nú er það svo, að enginn aðili eða stofnun er stjórnskipulega ábyrgur fyrir löggildingu kennslubóka. Að visu má segja, að Námsbókanefnd löggildi útgáfubækur Ríkisútgáfunnar í reynd, þegar hún samþykkir að gefa út handrit, enda er það samkvæmt lögum Námsbókanefnd, sem „annast útgáfu námsbóka (...) og kveður á um efni þeirra og gerð.“ Hins vegar felur þetta ákvæði ekki í sér skýlausa löggildingarskyldu, og einnig skortir öll lagaákvæði um það, hversu farið skuli með hugsanlegan ágreining í þessum efnum. Þá er vert að benda á það, að áðurgreint lög bundið útgáfuhlutverk Námsbókanefndar tekur aðeins til skyldunámsstigsins, enda þótt einstaka sinnum sé farið út fyrir það skólastig, einkum að því er varðar útgáfu ritaraða eða annars námsefnis, sem er í nánnum tengslum við námsbækur skyldunámsstigs.

Með þessari grein er tekinn af allur vafi um löggildingarhlutverk Námsgagnastjórnar. Fyrir námsbækur skyldunámsstigsins verður um að ræða löggildingarskyldu innan ramma aðalnámsskrár, sem Menntamálaráðuneytið setur. Fyrir námsbækur framhaldsskólastigs verður um að ræða heimild fyrir ráðuneytið til að fela stjórninni löggildingu, og má ætla, að sú heimild verði einkum notuð, ef um einhvern vafa er að ræða. Þá verður öðrum útgefendum námsbóka heimilt samkvæmt greininni að leita löggildingar fyrir þær.

Sérstakt ákvæði er í greininni um, að vísa megi ágreiningi um löggildingu námsbókar til endanlegs úrskurðar hjá yfirnefnd þriggja sérfróðra aðila, sem menntamálaráðherra skipar. Er þetta ákvæði sett til þess að tryggja áfrýjunarrétt í ágreiningsmálum og til að löggildingarkerfið geti orðið sem sanngjarnast fyrir alla aðila.

Viðvikjandi ýtarbókum, handbókum, kennsluleiðbeiningum, nýsiefni og kennslutækjum er ekki gert ráð fyrir, að um nokkra löggildingu sé að ræða, heldur láti Námsgagnastjórn í té umsagnir eftir föngum, og er slíkt eðlilegur þáttur í kynningarstarfi stofnunarinnar.

Helstu og mikilvægustu breytingarnar, sem af ákvæðum þessarar greinar leiða, eru annars vegar þær, að heimilt verður að fela Námsgagnastjórn löggildingu fyrir bækur, sem aðrir aðilar en Námsgagnastofnun, innlendir eða erlendir, hafa gefið út, og hins vegar það, að sett eru ákvæði um yfirnefnd, sem vísa má ágreiningi til. Bækur annarra útgefenda eru vitaskuld fyrst og fremst gefnar út fyrir framhaldsskólastig, en í vissum tilvikum geta þær þó komið að notum fyrir skyldunámsstig, t. d. þegar námsskrá er breytt, námsefni fært til milli bekkja í ljósi fenginnar reynslu eða útlent efni er lagt til grundvallar kennslu í erlendum tungumálum. Þá er og mikilvægt ákvæði í 16. grein um, að stjórnin kveðji kennara og aðra sérfræðinga sér til aðstoðar við þessi störf. — Gagnvart eigin útgáfubókum Ríkisútgáfunnar breytir greinin hins vegar litlu sem engu, ef yfirnefndarákvæðið er undanskilið, því að þær bækur eru í reynd löggiltar, þegar útgáfa þeirra er ákveðin, eins og áður greindi.

Þar sem samþykki og löggilding námsbóka — og vandaður, faglegur undirbúningur þar að lútandi — er eitt hið mikilvægasta stefnumarkandi starf, sem vinna þarf í íslenskum menntamálum, er varla sæmandi að draga lengur að setja skýr lagaákvæði um það, hvernig með slík mál skuli farið.

#### Um 16. gr.

Grein þessi, sem fjallar um aðstoð kennara og annarra sérfróðra aðila við Námsgagnastjórn í starfi, hlýtur að teljast nauðsynleg og sjálfsögð.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

#### Um 17. gr.

Nefndin leggur áherslu á það, að allar deildir Námsgagnastofnunar hafi sín í milli mikið og gott samstarf. Til þess að auðvelda það samstarf er nauðsynlegt, að starfsemi stofnunarinnar tengist sem allra fyrst í sameiginlegu húsnæði. Er þetta brýnt atriði m. a. með hliðsjón af hagkvæmari rekstri.

Þá er tekið fram í greininni, að stefnt skuli að því, að húsnæðið verði sem næst Kennaraháskóla Íslands. Æskilegt er, að komið verði á skipulagslegum og raunhæfum tengslum milli Námsgagnastofnunar og menntastofnana kennara. Kennaraefnin þurfa að kynnast allri starfsemi Námsgagnastofnunar, áður en til starfs kemur, og ætti þetta að vera fastur þáttur í námi kennarans. Hugsanlegt er einnig, að sérfróðir menn á sviði kennslutækni, sem starfa við stofnunina, taki að sér kennslu í þessum efnum. Nálægð við miðstöð kennaramenntunar ætti að auðvelda öll þessi atriði, og taldi nefndin eðlilegast að miða þá við Kennaraháskóla Íslands sem samnefnara menntastofnana kennara, enda virðist eðlilegt að gera ráð fyrir því, að nýtt húsnæði fyrir Námsgagnastofnun geti í framtíðinni risið á lóð hans.

Húsnæðismálin eru eitt allra mikilvægasta verkefnið, sem Námsgagnastjórn og námsgagnastjóri þurfa að sinna fyrstu árin, verði frumvarp þetta að lögum. Fyrir starfsemi stofnunarinnar er það mjög brýn nauðsyn, að húsnæði sé ekki aðeins hæfilega rúmt, heldur einnig gott og viðeigandi fyrir það starf, sem þar á að vinna. Svo að dæmi sé tekið af kvikmyndasafni, þá þarf geymslusalur kvikmynda að halda sérstöku hita- og rakastigi, og hið sama gildir ekki síður um geymslu gamalla og verðmætra mynda. Einnig er nauðsynlegt að hafa góða aðstöðu til að sýna kvikmyndir fyrir 20—30 gesti, og mundi slíkt koma fjölmörgum aðilum að gagni, ekki síst ríkisstofnunum. Þá þarf að vera aðstaða til að skoða skyggjur, myndræmur, glæsur og 8 mm kvikmyndir, svo og lestrarstofa fyrir erlenda verðlista og skrár yfir nýsiefni auk annars prentaðs máls. Svo að tekið sé annað dæmi, má vísa í greinargerð með 12. grein um ýmsa aðstöðu, sem Námsgagnagerð er nauðsynleg. Af því húsnæði, sem hér hefur verið lýst — og að verulegum hluta mætti nota jafnframt til verklegrar kennslu fyrir kennaraefni — er ekkert til nú.

#### Um 18. gr.

Nauðsynlegt er að kveða nánar á í reglugerð um framkvæmd þessara laga. Sem dæmi um slík framkvæmdaratriði má nefna verkaskiptingu, greiðsluskyldur, samráð og samstilltar ákvarðanir Ríkisútgáfu námsbóka og Skólarannsóknadeildar Menntamálaráðuneytisins varðandi undirbúning að nýju námsefni, sbr. 2. grein þessa frumvarps.

Þá er Námsgagnastjórn heimilað að gera breytingar á starfsháttum Námsgagnastofnunar, er miði að aukinni samhæfingu starfa og bættri þjónustu. Eðlilegt er, að samræming og sameining deilda stofnunarinnar haldi áfram með reglubundnum hætti, eftir að aðstæður til þess hafa batnað, sbr. 5. og 17. gr. Taldi nefndin rétt, að Námsgagnastjórn ákvarðaði sjálf um slík framhaldsstig sameiningar með þeirri einu takmörkun, að samþykkis menntamálaráðherra skyldi leita fyrir stofnun nýrra deilda. Eflaust mun reka að því, þegar störf Námsgagnastofnunar hafa samræmst og eflst, að þörf þyki fyrir stofnun nýrra deilda. Má ætla, að þar muni að líkindum sitja í fyrirrúmi deild til sérstakrar þjónustu við skólabókasöfn, svo og hugsanlega upplýsinga- og fræðsludeild.

Þá er að lokum ákvæði um það, að verði við framkvæmd þessara laga breyting á starfi eða starfsheiti starfsmanns hjá Ríkisútgáfu, Skólavörubúð eða Fræðslumyndasafni, skuli sú breyting í engu rýra launakjör hans. Slík trygging er augljós og sjálf-sagt sanngirnisatriði.

#### Um 19. gr.

Þarfnast ekki skýringa.“